



1. stig. (Grunnvinnu deilda)		2. stig. Sérkennsla		3. stig. Útvistun
Skímanir og skráningar		Skímanir og skráningar		Lausnaleit
Móttökusamtal		Smábarnalistinn		Farsældarteymi/ráðgjöf
Úrræðalisti leikskólans		Orðaskil 2 og 3 ára/úrvinnsla	↕	Beiðni um mat sérfræðings
Málþroski - gátlisti		TRAS/úrvinnsla		
Félagsfærni - gátlisti		Íslenski þroskalistinn		
AHA skráningar		EFI-2		
TRAS spurningalistar	↕	AEPS skráning		
Orðaskil (foreldrar fylla út)		AHA skráningar/úrvinnsla		
Unnið með hljóðkerfisvitund		Hljóm 2/ úrvinnsla		
Bjargir				
Úrræði		Úrræði		Úrræði
Lausnaleit á deildinni - skilgreining á vanda		Atferlisþjálfun TEACCH		Talmeinafræðingur/málþroska- og/eða framburðarmat
Snemmtæk íhlutun í málörvun		Ráðgjöf til foreldra		Sálfræðingur/þroskamat
Málörvun		Stuðningur við deildir		Kennslufulltrúi leikskóla
Sjónrænt dagskipulag		Stuðningur við foreldra		Málstjóri
Uppeldi til ábyrgðar		Vísun í farsældarteymi		Vísun í Barnavernd
Samtöl við foreldra		Einstaklingsþjálfun		
Lubbi finnur málbein		Hópaþjálfun		
Félagsfærnisögur		Beiðni um samþættingu		
Boðskiptareglur Bínu		Tengiliður fjölmennningar		
Blær - vináttuverkefni Barnaheilla		Tengiliður farsældar		
Gefðu 10		Einstaklingsnámskrá		
Lærum og leikum með hljóðin	↕	Beiðni um ráðgjöf frá sérfræðingum		
Beiðni um samþættingu				
Beiðni um miðlun upplýsinga				
Vísun í lausnatemyi				
Boðskiptakippur fyrir tvítyngd börn				
Orðaforðavinna unnin í þemum				
Samskiptabækur á milli heimili og skóla				

Máli vísað í lausnaleit í lausnatemyi leikskólans

Máli vísað í lausnaleit í farsældarteymi - beiðni um samþættingu undirrituð



Leikskólinn Hvammur

1. stig – grunnvinna deilda:

Starfsfólk deildar byrjar á að kortleggja stöðu barns og eru gátlistar leikskólans (félagsfærni, málþroski) nýttir við það. Gátlistarnir, úrræðalisti leikskólans og deildarskipulag er síðan haft til hliðsjónar þegar íhlutun er skipulögð. Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir 6-8 vikur. Íhlutun á fyrsta stigi fer alfarið fram hjá starfsfólki deilda.

Ef íhlutun skilar ekki tilætluðum árangri á þeim tíma þá er hægt að vísa máli til lausnaleitar í Lausnateymi leikskólans (sérkennslustjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri). Lausnateymi getur vísað máli aftur í vinnslu á stig 1 (grunnvinna deilda) með tillögum að breytingum á íhlutun. Lausnateymi getur líka ákveðið að vísa máli yfir á stig 2 (sérkennsla).

2. stig – sérkennsla:

Kortlagning á stöðu barns á stigi 2 felur í sér frekari skimanir og athuganir (sjá úrræðalista). Íhlutun er svo skipulögð út frá þeirri kortlagningu. Hægt er að óska eftir ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs fyrir deildir, hópa eða allan leikskólann (kennslufulltrúi fjölmennningar, sérkennslufulltrúi leikskóla, talmeinafræðingar, sálfræðingar, verkefnisstjóri PMTO). Þá er eyðublaðið „Beiðni um ráðgjöf/fræðslu“ fyllt út.

Íhlutun á öðru þrepi fer fram hjá starfsfólki deilda, starfsfólki sem sinnir sérkennslu og eftir atvikum hjá þjálfum. Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir 6-8 vikur. Ef hún skilar ekki tilætluðum árangri þá getur lausnateymi ákveðið að vísa máli til lausnaleitar í Farsældarteymi leikskólans. Það er ávallt gert í samráði við forsjáraðila. Á þessu stigi þurfa forsjáraðilar að skrifa undir beiðni um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns ef þess er þörf. Einnig þarf að fylla út eyðublaðið „Mat á þjónustupörf“.

3. stig – útvistun:

Á fundum Farsældarteymis fer fram þverfagleg lausnaleit í málum sem er vísað þangað. Farið er yfir eyðublaðið „Mat á þjónustupörf“ og er úrræðalisti leikskólans hafður til hliðsjónar í þeirri vinnu. Lausnateymi getur ákveðið að vísa máli aftur á stig 1 (grunnvinna deilda) eða stig 2 (sérkennsla) með tillögum að breytingum á íhlutun.

Lausnateymi getur einnig ákveðið að vísa máli yfir á stig 2 samkvæmt verkferlum Farsældarteymis. Þá er eyðublaðið „Beiðni um þjónustu á öðru stigi“ fyllt út sem foreldrar skrifa undir. Þar er m.a. hægt að óska eftir mati talmeinafræðings og sálfræðings, ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og skólaþjónustu Farsældarteymis og námskeiðum fyrir foreldra.